

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs

Hetjuhugsjón þriggja kappa í Íslendingasögum

Atli í Otradal, Þorgeir Hávarsson og Gunnar á Hlíðarenda

Vilborg Hildur Baldursdóttir



Kennaraháskóli Íslands
Grunnskólabraut
Maí 2007

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Hetjuhugsjón þriggja kapp í Íslendingasögum

Atli í Otradal, Þorgeir Hávarsson og Gunnar á Hlíðarenda

Vilborg Hildur Baldursdóttir
010774-3659

Kennaraháskóli Íslands
Grunnskólabraut
Maí 2007

Leiðsögukenari:
Baldur Hafstað

Útdráttur

Í ritgerðinni er fjallað um þrjá kapp í Íslendingasögunum og hetjuhugsjón þeirra. Rætt er um Atla í Otradal í *Hávarðar sögu Ísfirðings*, Þorgeir Hávarsson í *Fóstbræðra sögu* og Gunnar á Hlíðarenda í *Brennu-Njáls sögu*. Varpað er ljósi á mannlýsingar þeirra í sögunum og þær bornar saman við hetjuhugsjónir miðalda. Í ritgerðinni er fjallað um hetjuhugakið og muninn á hetjum og andhetjum.

Kapparnir þrír eru allir dæmi um eftirminnilegar söguhetjur Íslendingasagna þótt ólíkir séu. Íslendingasögurnar geyma fjöldann allan af margslungnum og stórbrotnum persónum sem líða lesendum seint úr minni og henta því vel til bókmenntakennslu og verkefnavinnslu í grunnskólum. Í ritgerðinni er því haldið fram að mikilvægt sé að kynna þær fyrir nemendum, helst strax í 1. bekk, og bent á að fornsögurnar séu óþrjótandi uppspretta skemmtilegra verkefna. Þær henti vel til að ræða um grundvallarþætti og gildi á borð við baráttu góðs og ills, vináttu og siðferði.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
Hetjan	3
2.1. Íslenskar hetjusögur.....	3
2.2. Hetjuhugtakið.....	6
Atli í Otradal í Hávarðar sögu Ísfirðings	8
3.1. Um Hávarðar sögu Ísfirðings.....	8
3.2. Hetja eða andhetja?.....	10
3.3. Atli frá sjónarhóli sögunnar.....	13
Þorgeir Hávarsson í Fóstbræðra sögu	14
4.1. Um Fóstbræðra sögu.....	14
4.2. Hetja eða andhetja?.....	14
4.3. Þorgeir frá sjónarhóli sögunnar.....	18
Gunnar Hámundarson í Brennu-Njáls sögu	18
5.1. Um Brennu-Njáls sögu.....	18
5.2. Hetja eða andhetja?.....	19
5.3. Gunnar frá sjónarhóli sögunnar.....	23
6. Samantekt	24
7. Lokaorð	27
8. Heimildir	29

1. Inngangur

Áhugi minn á Íslendingasögum kviknaði fyrst þegar ég las *Brennu-Njáls sögu* í menntaskóla. Þessi áhugi jókst ef eitthvað er eftir stúdentspróf og tel ég að ástæðuna megi rekja til góðrar bókmenntakennslu þeirra Bjarna Guðnasonar, Vésteins Ólasonar og Ármanns Jakobssonar í Háskóla Íslands á árunum 1996-2000. Íslendingasögur eru einstæðar þar sem þær eru höfundarlausar og bregða upp mynd af Íslendingum á miðöldum. Þá geyma sögurnar margar eftirminnilegar mannlýsingar en því fer þó fjarri að þær séu steypar í sama mót. Í þessari ritgerð er ætlunin að varpa ljósi á þrjár mannlýsingar í Íslendingasögunum, þeirra Atla í Otradal í *Hávarðar sögu Ísfirðings*, Þorgeirs Hávarssonar í *Fóstbræðra sögu* og Gunnars Hámundarsonar í *Brennu-Njáls sögu*, og bera þær saman við hetjuhugsjón miðalda. Ritgerðinni er þó ekki ætlað að vera handbók kennarans. Markmiðið er að sýna fram á að kennarar geti notað fornsögurnar á margan hátt í kennslu. Ég tel mikilvægt að kennarar leiti í meira mæli fanga í Íslendingasögum, þjóðararfi okkar Íslendinga, og færi fornsögurnar í þann búning sem hentar í nútíma bókmenntakennslu í grunnskólum.

Ástæðan fyrir því að ég valdi að tengja efni mitt við Íslendingasögur í lokaverkefni mínu við Kennaraháskóla Íslands er sú að mér er annt um íslenskar fornbókmenntir og vil fyrir alla muni að þeim sé haldið á lofti í bókmenntakennslu íslenskra grunnskóla. Ég tel mikilvægt að ungt fólk kynnist íslenskum miðaldabókmenntum og þeim dýrmæta menningararfi sem íslenska þjóðin á í Íslendingasögunum. Fornbókmenntir eru kynntar of seint í grunnskólum, það ætti að byrja strax á því í 1. bekk. Hætt er við að þekktar hetjur úr Íslendingasögunum falli í gleyskunnar dá með dvínandi áhuga á Íslendingasögum og væri það miður. Víkur nú sögunni að fornköppunum þremur, þeim Atla í Otradal, Þorgeiri Hávarssyni, Gunnari Hámundarsyni og hetjuhugsjóninni.

Hetjan

2.1. Íslenskar hetjusögur

Íslendingasögur eru sögur af Íslendingum á landnámsöld til fyrri hluta 11. aldar. Þær hafa oft verið nefndar hetjusögur og fjalla um hetjur og hetjuskap (Bjarni Guðnason 1990: 37). Hetjurnar eru þó býsna ólíkar eins og dæmin sýna hér á eftir. Íslendingasögur eru taldar ritaðar á 13. öld og hefur engin saga varðveist í

frumriti. Elsta varðveitta söguhandritið er frá miðri 13. öld. Þær gerast ýmist á Íslandi eða í útlöndum, aðallega í Noregi og vísa til sögulegra atburða svo sem landnáms Íslands, kristnitökunnar og atburða í sögu nálægra þjóða. Þá eru samtöl sögupersóna drjúgur hluti sagnanna og einkennast þau af hlutlægni höfundar. Yfirleitt er ekki tekin tilfinningaleg afstaða til mála, aðeins sagt frá því sem heyrir og sést. Sagt er frá fjölda persóna sem hafa lifað í landinu og afkomendum þeirra. Meginefni Íslendingasagna snýst um átök sögupersóna, deilur, mannvíg, hefndir og sættir. Heiður, sæmd, forlagatrú, ástríður, ættartengsl, vígaferli og hefnd eru fyrirferðarmiklir þættir í sögunum. Persónur Íslendingasagna eru oftast samar við sig frá upphafi til enda og þróast ekki mikið þótt þær lendi í ýmsu miðjöfnu. Forlagatrúin er oftast en ekki talin standa þar að baki. Í Íslendingasögunum er aldrei greint frá hugsunum sögupersóna. Þegar þær birtast í sögunum er einkennum þeirra lýst og síðan er dregin upp skýrari mynd af þeim með því að láta þær lýsa sér og athöfnum sínum sjálfar, gjarnan í bundnu máli.

Ólafur Briem telur að mannlýsingar í Íslendingasögum eigi aðeins að litlu leyti fyrirmyndir í eldri hetjubókmenntum og séu fremur sprottnar upp af lífinu sjálfu (Ólafur Briem 1972: 110). Fræðimaðurinn Theodore Andersson hefur aftur á móti haldið fram áhrifum hetjukvæða á Íslendingasögur. Hann telur að mörg meginatriði byggingar og frásagnar Íslendingasagna séu fyrir hendi í hetjukvæðunum eða eins og hann orðar það á móðurmáli sínu: „saga authors did not need to create an entirely new literacy type, but were able to elaborate on a traditional literacy mold, the heroic mold.“ (Theodore Andersson 1967). Þar sem flestar Íslendingasögur eru harmræns eðlis hafa hin fornu hetjukvæði líklega verið drjúg fyrirmynd (Vésteinn Ólason 1993: 124, sami 1998: 111).

Telja má að áhrif hetjukvæða á Íslendingasögur séu ótvíræð og birtast þau meðal annars í þekktum minnum, hugmyndum og viðhorfum auk fyrirmynda einstakra mannlýsinga. Þá eru ýmis meginatriði í frásagnargerð hetjukvæða og Íslendingasagna þau sömu (Vésteinn Ólason 1998a: 137). Tvö gildi, drenglyndi og hetjuskapur, eru hvað mest höfð í heiðri í sögunum. Menn gera nánast allt til að standa vörð um þessi gildi og eru fúsir að fóna lífi sínu ef svo ber undir. Afstaðan til dauðans var ævinlega ein og hin sama. Hetjuhugsjónin var studd síðvenjum þjóðveldisaldar eins og hún birtist í samtíðarsögum (Bjarni Guðnason 1990: 97).

Misjafnar skoðanir eru um uppruna og sannleiksgildi Íslendingasagna og eru tvær meginkenningar uppi um sannfræði þeirra, annars vegar *sagnfestukenningin* og hins vegar *bókfestukenningin*. Samkvæmt *sagnfestukenningunni* eru Íslendingasögur ekki skáldskapur eða sköpunarverk höfundanna heldur hafa þær verið fullmótaðar í munnlegri geymd og gengið þannig í munnmælum. Ástæðan fyrir því að þær eru höfundarlausar sé sú að sögurnar hafi verið skrásettar eftir sagnamönnum. Fræðimennirnir Andreas Heusler, og Knut Liestøl aðhylltust meðal annars *sagnfestukenninguna* (Heimir Pálsson 2001, Theodore M. Andersson 1964, Vésteinn Ólason 1993 o.fl.). *Bókfestukenningin* miðar að því að sögurnar hafi verið verk höfunda en ekki skrásetjara og verið settar saman eftir skriflegum og munnlegum heimildum sem höfundarnir þekktu. *Bókfestumenn* halda því fram að engin dæmi séu um það í bókmenntasögunni að verk á borð við Íslendingasögur hafi varðveist í munnlegri geymd. Þá telja sumir að sögurnar taki mið af atburðum og persónum 13. aldar. Enn aðrir telja sögurnar hrein skáldverk. Björn M. Ólsen, Sigurður Nordal og Einar Ólafur Sveinsson voru helstu talsmenn *bókfestukenningarinnar* (Heimir Pálsson 2001, Theodore M. Andersson 1964). Ekki er vitað til þess að Íslendingasögur eigi sér erlendar hliðstæður og má því segja að þær séu séríslenskt fyrirbæri og algjörlega einstakar.

Sögurnar sem hér liggja til grundvallar flokkast allar undir bókfestukenninguna enda líta fáir á Íslendingasögurnar í dag sem sagnfræði. Þær eru fremur verk merkilegra rithöfunda sem byggjast á gömlum atburðum eða arfsögnum. *Hávarðar saga Ísfirðings* er skemmtilegt dæmi um bókfestusögu. Höfundurinn styðst við eldri rit, þ.e. *Landnámu* og *Íslendingasögu*, en breytir sögunni að vild. Kenna má nokkurra áhrifa frá fornaldarsögum í *Hávarðar sögu*, þ.e. í efnismeðferð og mannlýsingum sögunnar (sjá formála *Hávarðar sögu* Ísfirðings 1954: xciv).

Ljóst þykir að höfundur *Fóstbræðra sögu* hafi sótt sér efni úr ýmsum áttum, til arfsagna eða munnlegra heimilda. Talið er að hann hafi þekkt kveðskap Þormóðs Kolbrúnarskálds og hafi notað frásagnir úr eldri sögum af Ólafi helga Noregskonungi. Með öðrum orðum hefur höfundur *Fóstbræðra sögu* farið um söguna eigin höndum og sett sitt mark á hana.

Að lokum bendir *Brennu-Njáls saga* til skáldskapar höfundar. Hann hefur farið víða og þekkt söguritari og bókmenntir samtíðarinnar. Orsakatengsl atburða

og samsetning efnis renna frekari stoðum undir þá kenningu. Þó þykir líklegt að margir stóratburðir og aðalpersónur í *Njáls sögu* séu úr munnmælum (sjá formála Brennu-Njáls sögu 1954: lxxiv).

2.2. Hetjuhugtakið

Þegar fjallað er um sögupersónur Íslendingasagna er oft talað um að þær birtist sem hetjur eða andhetjur. Hetjuhugtakið vísar oft en ekki til ákveðinna dygða sem menn þurftu að hafa til að bera til að kallast hetjur. En hvaða dygðum þurftu menn að vera prýddir til að kallast hetjur? Svarið gæti þvælst fyrir okkur enda eru skiptar skoðanir um það hvernig skilgreina beri þessi hugtök.

Eins og áður kom fram hefur Bjarni Guðnason fjallað um hetjur í Íslendingasögum, en hann segir að Íslendingasögur séu aðallega sögur um hetjur „ ... sem breyta yfirleitt eftir siðareglum germanskra hetjusagna“ (Bjarni Guðnason 1990: 37). Samkvæmt germönskum hetjusögum, eins og þær birtast í hetjukvæðum Eddu, eru helstu einkenni hetjunnar hugdirfska, hófsemi og drengskapur. Þegar talað er um drengskap er einkum átt við orðheldni og einurð. Mest um vert var að hetjan héldi mannorði sínu eða sæmdinni. Mikilvægast var að hetjan brygðist ekki skyldum sínum og voru hefndarskylda og drengskapur í hávegum höfð (Bjarni Guðnason 1965: 69 og Heimir Pálsson 1992: 55). Reyndar þekkist orðið „hetja“ ekki í *Eddu*, Íslendingaþáttum né samtíðarsögum (*Sturlungu*) en það kemur sex sinnum fyrir í Íslendingasögum, í *Laxdælu*, *Ljósvetninga sögu* (c-gerð) og *Víga-Glúms sögu*. Í sögunum er talað um kapp, garpa, fullhuga, atgervismenn, hreystimenn og vígamenn. Sum orðanna bera með sér einstaka meginþætti hetjuhugtaksins, til dæmis leggur orðið fullhugi áherslu á hugrekki en orðið hreystimaður á aflið (Bjarni Guðnason 1990: 37). Af athugun Bjarna er ljóst að orðið hefur mjög víða merkingu; allt frá því að vera vígfimur maður til þess að eiga við friðsaman mann sem lætur þó til sín taka þegar á reynir. Bjarni kemst að þeirri niðurstöðu að „ ... lítilsvirðing á dauðanum, hugprýði og drenglyndi séu grunnþættir hetjuhugtaksins og standi í órofa tengslum við sæmd einstaklings og ættar“ (Bjarni Guðnason 1990: 40). Mannraun hetjanna er aldrei meiri en þegar þær horfast í augu við dauðann. Þá hefur hin sanna hetja unnið bug á hræðslu sinni. „Um leið er dauðinn hinsta prófraun manngildisins svo að hetjan getur fagnað honum sem hámarki lífsins“ (Bjarni Guðnason 1990: 41). Bjarni telur enga furðu að höfundar Íslendingasagnanna hafi hyllt hetjuhugsjónina því að í *Grágás*

megi sjá að mannvíg voru „hyrningarsteinn refsilöggjafar” (Bjarni Guðnason 1990: 43).

Skráð og óskráð lög þjóðveldisins hafa langt í frá verið fornköppunum hliðholl. Málafłækjur í Íslendingasögum eru oftar en ekki fyrirferðarmiklar í atburðarásinni og eru vígaferli meginástæða þeirra. Þeir kappar, sem var annað um sámd sína og þóldu illa ofríki, hefndu sín óhræddir við að mæta örlögum sínum (Guðni Bjarnason 1965: 65).

Hetjuhugtakið virðist vísa til persóna fornsagnanna, einkum þeirra kappa sem Íslendingar hafa dáð um aldaðir vegna líkamsburða eða andlegs atgervis. Hetjan átti að sýna drengskap í einu og öllu og láta aldrei falla blett á sámd sína. Hún átti að verja sitt með hreysti og hugdirfsku, og átti aldrei að sýna nein veikleikamerki. Yfirleitt var hetjan fim að beita vopnum. En enginn maður varð hetja af vígfiminni einni saman. Um hreysti og hetjuskap kemst A. Heusler svo að orði (*Germanentum*, bls. 49):

– hreystin skipar öndvegi meðal hinna germönsku dyggða. Hver eru aðalsmerki hins hrausta manns? Norrænar bækur svara: ekki fyrst og fremst vöðvastyrkur og vopnfimi, heldur hin þrjú andlegu einkenni: hugrekki, viljaprek, æðruleysi frammi fyrir dauðanum.

(Hannes Pétursson 1957: 38)

Hetjan varð að vera hugrökk og æðrulaus, jafnvel þótt dauðinn nálgaðist. Hin sanna hetja átti að vera seinþreytt til vandræða, en standa fast á sínu. Ef menn brugðust hefndarskyldunni, voru þeir álitnir lítilmenni og fátt var lítilmannlegra í augum hinna fornu kappa (Ólafur Briem 1972: 29-30).

Karlhetjum Íslendingasagna hefur stundum verið skipt í ljósar og dökkar hetjur, þ.e. gæfumenn og ógæfumenn. Ljósar hetjur eiga það sameiginlegt að vera einsleitar persónur, ljósar yfirlitum og myndarlegar, heiðarlegar og seinþreyttar til vandræða. Ljósar hetjur eiga í deilum við aðra og má segja segja að utanaðkomandi öfl komi þeim í klandur. Dökkar hetjur eru aftur á móti andstæðan við ljósar hetjur og þykja margbrotnari og flóknari manngerðir en þær ljósu. Dökku hetjurnar eru jafnan skuggalegar og dökkar ásýndum. Þær eiga oft við sálarstríð að etja og grípa gjarnan til vopna að fyrri bragði. Yfirleitt skapa þær eigin vandræði. Þó tilheyra ekki allar hetjur þessum tveimur flokkum eins og

vikið verður að hér á eftir, sumar hetjur eru flóknari en svo að vera annað hvort ljósar eða dökkar (Heimir Pálsson 1992: 144-145 og Ólafur Briem 1972: 110-119).

Gunnar á Hlíðarenda er dæmi um ljósa hetju: „Hann var vænn at yfirliti ok ljóslitaðr, réttnefjaðr ok hafit upp í framanvert, bláeygr ok snareygr ok roði í kinnunum; hárit mikit, gult, ok fór vel. Manna kurteisast var hann, harðgorr í qllu ... “ (Brennu-Njáls saga 1954: 52-3). Hann er talinn björt hetja sambærileg við Sigurð Fáfnisbana sem er þekkt persóna úr hetjukvæðunum. Gunnar var jafnan seinþreyttur til vandræða en dregst nauðugur inn í átök sem verða honum að falli.

Þorgeir Hávarsson er aftur á móti dæmi um dökka hetju. Þorgeiri er lýst svo: „Hann var bráðgorr maðr ok mikill vexti ok kappsfullr; hann nam á unga aldri at hlífa sér með skildi ok vega með vápnum. [Hann var] drengiligr í ásjónu, rammr at afli“ (Fóstbræðra saga 1943: 123, 128). Þorgeir er dæmi um víkingshetju. Hann er ógæfumaður og á í stríði við sjálfan sig – hann grípur oft til vopna að fyrri bragði og kemur sér þannig í vandræði. Gunnar og Þorgeir eru aðalpersónur í sögum sínum og falla báðir í bardaga.

Ljóst er að Atli í Otradal fellur undir hvorugan flokkinn en einkenni hans og hvernig honum er lýst á margt sameiginlegt með hetjum og andhetjum í Íslendingasögnum og því kaus ég að fjalla um hann hér. Atli þótti ljótur maður, hann var sköllóttur og inneygður. Í upphafi sögu er Atli hinn mesti vesalingur og sérlundaður en þegar líða tekur á söguna umhverfist hann í hinn mesta kapp. Lýsingin á Atla er mjög skopleg og varpar skýru ljósi á hetjur og andhetjur.

Atli í Otradal í Hávarðar sögu Ísfirðings

3.1. Um Hávarðar sögu Ísfirðings

Hávarðar saga Ísfirðings er ung saga, sett saman seint á ritunarskeiði Íslendingasagna. Hún er einungis varðveitt í pappírshandritum frá 17. öld. Erfitt er að tímasetja *Hávarðar sögu*, en hún er yngri en *Grettis saga* og á samleið með ungum og ævintýralegum sögum. Hún er ævintýraleg og hefur yfirbragð skáldverks (sjá formála *Hávarðar sögu Ísfirðings* 1943). Meðan litið var á Íslendingasögurnar sem sannar frásagnir af Íslendingum á söguöld, áttu ungu og ævintýralegu sögurnar litlu fylgi að fagna meðal fræðimanna. Þær voru settar á

bás með fornaldarsögum og riddarasögum sem þær hefðu spillst af. Í þeim má sjá ný efnistöð, þar sem gert er grín að bókmenntahefðinni og í lagi er að sögurnar séu skáldaðar. Greinilegt er að höfundur *Hávarðar sögu* hefur gjörþekkt íslenska sagnahefð, því hann notfærir sér óspart efni úr eldri sögum og munnmælum. Hann tekur alkunnar persónur úr öðrum sögum traustataki og fær þeim nýtt hlutverk í sögu sinni lesendum sínum til mikillar ánægju. *Hávarðar saga Ísfirðings* fjallar aðallega um hefnd Hávarðar eftir víg einkasonarins Ólafs. Í upphafi sögu er Hávarði lýst sem gömlum og lúnum manni sem ekki er líklegur til neinna afreka. Þegar hann frétti af vígi sonar síns varð hann svo harmi sleginn að hann lagðist í rúmið í þrjá vetur, tólf mánuði í senn. Það er fyrir tilstilli konu Hávarðar, Bjargeyjar, sem hann rís úr rekkju með tólf mánaða millibili á þremur árum og leitar bóta eftir víg sonarins. Þorbjörn banamaður Ólafs var engum manni líkur að illmennsku og ójafnaði og var ófús að bæta Hávarði vígið. Athyglisvert er að snögg breyting verður á Hávarði að þremur árum liðnum þegar hann rís úr rekkju sem nýr maður, laus við allan stirðleika, og hefnir sonar síns. Þá er ljóst að höfundur *Hávarðar sögu* leggur áherslu á mátt kvenna í sögunni og teflir fram andstæðum í mannlýsingum, það er góðum og illum mönnum (sjá formála Hávarðar sögu 1943: xcvi). Hér verður sjónum einkum beint að aukapersónunni Atla í Otradal sem skýtur skjólshúsi yfir Hávarð og féлага hans eftir að hefndum eftir Ólaf hefur verið náð. Atli á það sammerkt með Hávarði að standa í skugga konu sinnar, Þórdísar, en hún er úrræðagóður skörungur líkt og Bjargey, kona Hávarðar, og segir Atla fyrir verkum. Samsvörunin sem er milli kvennanna tveggja er gott dæmi um tilfinningu höfundar fyrir byggingu texta og heildarsýn yfir verkið. Hinar snöggu breytingar sem verða á þeim Hávarði gamla og Atla í sögunni sýna fram á að til er í dæminu að fólk sjái að sér, breyti sér og bæti sig.

Hávarðar saga minnir á Laxdælu sögu þar sem konur gegna mikilvægu hlutverki í atburðarásinni. Guðrún Ósvífursdóttir, Brókar-Auður, Þorgerður Egilsdóttir og Þuríður Ólafsdóttir í *Laxdælu* rísa hver á sinn veg gegn því kvenhlutverki sem þeim er ætlað. Lýsingar Bjargeyjar og Þórdísar í *Hávarðar sögu* eru í hópi sérstæðra kvenlýsinga Íslendingasagna. Bjargey sker sig úr kvenhetjum Íslendingasagna þar sem hún ber Hávarð bónda sinn uppi og gengur í verkin hans. En það getur ekki talist algengt að konur vinni mikil hreystiverk með eigin höndum í Íslendingasögnum (Ólafur Briem 1972: 121). Þá dregur höfundur fram skýrar andstæður með hjónunum Hávarði og Bjargeyju annars vegar og Atla

og Þórdísi hins vegar og sýnir báða karlana í grótesku ljósi. Sagan er gamansamari en títt er um harmsögulegar deilusögur og vekja sögupersónur jafnan kátínu með hlutverkum sínum sem snúið er á hvolf miðað við það sem gengur og gerist í Íslendingasögum. Ennfremur er *Hávarðar saga* sérstök að því leyti til að höfundur er hliðhollur hinum smærri bændum í átökum við höfðingjastéttina.

3.2. Hetja eða andhetja?

... Atli var manna minnstr ok vesalligastr, ok svá er sagt, at þar eptir væri skaplyndi hans, at hann var inn mesti vesalingr ...

(*Hávarðar saga Ísfirðings* 1943: 341)

Þannig er Atla í Otradal lýst þegar hann er fyrst nefndur í *Hávarðar sögu Ísfirðings*. Af þessum orðum má dæma að Atli hafi ekki verið mikil hetja. Þótt lýsing á honum sé dregin fáum dráttum tekst höfundi að skapa eftirminnilega persónu, enda þótt hún komi lítið við sögu. Atli þessi þykir einhver spaugilegasta persóna Íslendingasagnanna, ekki síst fyrir þær sakir að sú hetjuímynd sem dregin er upp af honum er í fullkominni andstöðu við þær lýsingar sem best eru gerðar í Íslendingasögnum. En snúum okkur nánar að mannlýsingu Atla í Otradal. Í tuttugu og fjórum köflum *Hávarðar sögu* kemur hann fram á sjónarsviðið í átta köflum. Í upphafskynningu Atla segir ennfremur:

... [Atli] var þó stórra manna ok svá auðugr, at hann vissi varla aura sinna tal... Atli tímði ekki at halda vinnumenn; vann hann bæði nótt ok dag slíkt er hann mátti. Hann var ok svá einþykkr, at hann vildi hvárki eiga við aðra menn gott né illt. Hann var inn mesti búmaðr...; var maðrinn ekki skjótligr á fótum; var hann bæði vesalmannligr ok ljótr at sjá, skollótttr ok inneygðr.

(*Hávarðar saga Ísfirðings* 1943: 341-343)

Samkvæmt lýsingunni hér að framan er útlit Atla í samræmi við hans innri mann. Hann var ljótur, sköllóttur og inneygður. Enginn hetjuljómi er yfir honum; hann er lítill, vesællegur, nískur með afbrigðum og ómannblendinn. Hann er auk þess haldinn höfuðlestinum ágirnd og er upptekinn af því að safna auðæfum. Hann sefur hjá matarhlöðunum í búrinu og felur sig þegar hann sér til mannaferða til að eiga ekki á hættu að þurfa að gefa gestum sínum eitthvað að borða (bls. 342). Atli

hegðar sér í einu og öllu eins og lítilmenni og sýnir af sér kjarkleysi. Hann klæðist kauðalega en hann gekk ekki í öðru en stakki sem hann skaust í eins og kólfi væri skotið. Þegar hér er komið sögu reynist hann ekki vera annað en heigull á mælikvarða hetjuhugsjónarinnar.

Nirfillinn Atli felur sig undir heykleggja þegar hann sér til Steinþórs mágs síns og féлага en Þórdís lætur bróður sinn hafa allt sem hann vill. Þess má geta að hún hafði verið gift Atla til fjár (Hávarðar saga Ísfirðings 1943: 343). Taka má dæmi af því hversu háttalag Atla gengur þvert á háttalag hinnar sönnu hetju og er lýsingin harla skopleg:

Nú er þar til at taka, er Atli liggr undir kleggjanum; ok er hann sér, at þeir [Steinþór og félagar] eru undan landi, skríðr hann undan kleggjanum, ok er hann þá svá stirðr ok kalinn, at hann má varla upp standa; dragnar síðan heim at búrinu. Ok er hann kómr inn, skelfr hann svá mjök, at glamrar í honum hver tónn ok gnotrar.

(Hávarðar saga Ísfirðings 1943: 344)

Síðan segir frá því er Steinþór sendir menn sína heim með föngin, en verður sjálfur eftir hjá systur sinni til að sjá viðbrögð Atla. Þegar Atli kemur úr leyni og honum er ljóst að búið hefur verið rutt, ávítar hann konu sína fyrir örlæti og eyðslusemi. En hann er ekki að öllu leyti grótesk persóna því söguhöfundur vekur jafnframt samúð með honum, framferði hans á sér skýringu; honum var ekki sjálfrátt og galla hans má rekja til skaplyndis. Athyglisverð er sú breyting sem hér verður allt í einu á Atla. Í rekkju Þórdísar tekur hann sinnaskiptum, hann lætur vel af örlæti konu sinnar og hrósar Steinþóri í hvívetna. En slík gjörbreyting á persónum er fátíð í hetjubókmenntum nema í sambandi við *kolbítsminnið* (Halldór Guðmundsson 1990: 69). En það er hér sem lítilmennið Atli bóndi í Otradal breytist í hinn besta mann. Það er einmitt göfuglyndi Þórdísar sem gerir lítilmennsku hans skýrari. Þórdís er hygginn og segir Atla fyrir verkum. Atli hokrar undir klæði konu sinnar. Hin sanna hetja hokrar ekki að konum, en það segir alla söguna um óhetjulegt hátterni Atla. Hátterni hans fer því á skjön við þá karlmennskuímynd að karlar máttu aldrei sýna á sér veikleikamerki. Þar með er vegið að karlmennsku Atla, þ.e. hann sýnir á engan hátt hugrekki, kjark eða þor. Eftir að Steinþór hefur hlýtt á samtali hans og konu hans á laun, gefur hann sig fram og leggur til að húsbóndi breyti háttalagi sínu:

Þess vil ek biðja þik, Atli mágr, at þú gerir þig eigi jafnvesalan sem þú hefir gort þik áðr; tak þik upp vel ok haf vinnumenn fyrir þik ok ver siðblandinn við aðra menn. Veit ek, at þú ert ekki lítilmenni, þó at þú gerir þik svá fyrir skaplyndis sakar.

(Hávarðar saga Ísfirðings 1943: 345)

Atli lætur sér þetta að kenningu verða; hann lærir að meta sína nánustu og upp frá því telst hann jafningi þeirra. Í kjölfarið reynist hann örlátur höfðingi og hraustur kappi. Hann skýtur skjólshúsi yfir þá Hávarð og féлага, meðan Steinþór á Eyri fer á þing (bls. 347). Þegar á þá er ráðist, leggur Atli á ráðin um vörnina og það er honum að þakka að þeir Hávarður fara með sigur af hólmi. Atli lætur sig ekki muna um að bíta andstæðing sinn á barkann þegar vopnið bregst, og vinnur með því sigur. Þess má til gamans geta að athæfi þetta er sótt í *Egils sögu*. Þar áttust Egill Skallagrímsson og Atli hinn skammi við í hólmgöngu sem lyktaði með því að Egill beit í sundur barkann á Atla. Líklegt er að höfundur *Hávarðar sögu* hafi fengið Atla nafnið frá Atla hinum skamma í *Egils sögu*. Fyrir vikið verður athæfið hlægilegt þar sem höfundur líkir rammleik Atla í Otradal við hinn mikla og frækna kappa, sjálfan Egil Skallagrímsson. Í ljósi þessa verður frásögnin af Atla hlægileg. Höfundur lætur hann búa yfir fjölkynngi sem gerir honum kleift að sjá fyrir óorðna hluti og umhverfast í hinn mesta kapp.

Bardaginn í Otradal er gott dæmi um ýkjur en þar fella þeir Atli, Hávarður og félagar fimmtán menn á þann hátt sem Atli hafði ráðgert, án þess að verða sárir sjálfir (bls. 350-52). Atli sannar með vörn sinni að hann er hetja, frábær vígamaður og óttast ekki dauðann; hann tjáir jafnlyndi sitt og kímniáfu með meitluðum svörum:

Þat var it fyrsta athlaup, at Atli inn litli hljóp at Þorgrími ok hjó til hans tveim höndum með sverðinu, ok beit eigi á. Þeir hjuggusk til nokkura stund, ok beit ekki á Þorgrím. Þá mælti Atli: „Trolli líkr ertu, Þorgrímr, en eigi manni, er þik bíta engi járn.“

(Hávarðar saga Ísfirðings 1943: 351)

3.3 Atli frá sjónarhóli sögunnar

Að mínu mati myndar frásögnin af Atla í Otradal skopstælingu hefðbundinna hetjufrásagna. Meðan sögunni vindur fram birtist Atli sem andhetja; þeim skilyrðum sem hverri hetju er talið nauðsynlegt að uppfylla, er ekki fullnægt í frásögninni af honum. Það er ekki fyrr en í lokin sem söguhöfundur gerir hann að hetju. Ég tel hins vegar að breytni Atla beri ekki vott um hetjulund. Hetjuskapur hans í bardaganum á Eyri reynist ekki annar en sá að bíta mann á barkann. Skopmyndin af honum verður enn augljósari af því að kona hans er úrræðagóður skörungur og segir honum fyrir verkum.

Ég get ekki betur séð en verið sé að henda gaman að hetjuhugsjóninni sem slíkri, hvað persónuna Atla í Otradal varðar. Tvírætt viðhorf til hetjuskapar og næmi fyrir skoplegum þáttum ýktra hetjutilburða kemur fram í lýsingu Atla í Otradal. Í sjálfu sér er ekki hægt að tala um hugleysi hans og lítilmennsku í sögunni sem óhetjulegt háttalag, því enginn býst við hetjuskap af honum. Atli er hér sýndur í harla skoplegu ljósi. Andstæða við Atla nirfil í sögunni er mágur hans Steinþór á Eyri sem er hið raunverulega stórmenni. Lýsing Atla og framkoma í sögunni minnir á sagnir af kolbítum í fornaldarsögum og sumum Íslendingasögum. Líta má á breytinguna sem verður á Atla sem eins konar sameiginlega „þerapíu“ systkinanna Þórdísar (konu Atla) og Steinþórs á Eyri. Frásögnin af því þegar Þórdís lokkar Atla upp í rúm til sín til að milda reiði hans í hennar garð og Steinþórs sýnir gróteska gamansemi höfundar. Það er eins og Þórdís hafi beitt Atla göldrum, svo mikil verður breytingin á honum. Hann lýtur fyrir mælum Steinþórs eftir það og eflist allur sjálfur að karlmennsku og hreysti. Í raun er það táknrænt fyrir Atla þegar hann klæðist brynjunni utan yfir stutta bolinn. Hinar snögggu breytingar sem verða á þeim Hávarði gamla og Atla í sögunni sýna fram á að til er í dæminu að fólk sjái að sér, breyti sér og bæti sig.

Þorgeir Hávarsson í Fóstbræðra sögu

4.1. Um Fóstbræðra sögu

Fóstbræðra saga var lengi talin meðal elstu Íslendingasagna en er nú talin hafa verið skrifuð undir lok 13. aldar. Hún er til í mörgum uppskriftum, ýmist heil eða í brotum, m.a. í *Hauksbók*, *Möðruvallabók* og *Flateyjarbók* þar sem henni er skeytt inn í *Ólafs sögu helga* (sjá formála Fóstbræðra sögu 1943 og 1995). Handrit önnur

en *Hauksbók* hafa að geyma útdúra eða stíflúr sem kallast *klausur* og skera sig úr vegna þess að efnið er stundum óviðkomandi sögunni og stíllinn fremur lærdóms- eða hefðarstíll en sögustíll (Vésteinn Ólason 1993: 101). Ekki eru allir á eitt sáttir um réttmæti klausanna og yrði of langt mál að fara að rekja þær hér. *Fóstbræðra saga* þykir ólík öðrum Íslendingasögum og þá ekki síst fyrir afstöðu höfundar. Almennt segja höfundar Íslendingasagna frá á hlutlausan hátt án þess að vera sýnilegir. Í *Fóstbræðra sögu* er málum hins vegar öðru vísi háttað þar sem höfundur talar nánast beint til lesandans. Ljóst þykir að höfundur *Fóstbræðra sögu* hafi fengið efni sögunnar úr ýmsum áttum og hefur honum tekist að gæða hana lífi með skemmtilegum lýsingum og sérstæðum stíl. *Fóstbræðra saga* segir frá frægustu fóstbræðrum fornsagnanna, Þorgeiri Hávarssyni og Þormóði Kolbrúnarskáldi og segir í stórum dráttum frá afrekum þeirra, vináttu og vinslitum.

4.2. Hetja eða andhetja?

Hann var bráðgörr maðr ok mikill vexti ok sterkr ok kappsfullr; hann nam á unga aldri at hlífa sér með skildi ok vega með vápnum.

(*Fóstbræðra saga* 1943: 123)

Þannig er Þorgeiri Hávarssyni lýst þegar hann er fyrst nefndur í *Fóstbræðra sögu*. Hér lýsir höfundur líkamlegu atgervi Þorgeirs lítillega, þ.e. útliti og skapgerð, vopnaburði og kappsfullu hugarfari hans. Þessi upphafskynning gefur í skyn að Þorgeir Hávarsson sé mikill vígamaður. Hann þótti vera lítill kvennamaður og sagði hann það vera „svívirðing síns krapts, at hokra at konum“. Ennfremur er Þorgeiri lýst svo:

Sjaldan hló hann; óblíðr var hann hversdagliga við alþýðu. Mikill var hann vexti ok drengiligr í ásjónu, rammr at afli.

(*Fóstbræðra saga* 1943: 128)

Með þessari lýsingu beinir höfundur sjónum að æskilegum og miður æskilegum eiginleikum Þorgeirs, eins og óvinsældum og ofstopa. Honum er lýst sem afar hugrökkum og staðföstum en jafnframt svo vígaglöðum á Íslandi að leitun sé á öðru eins um söguhetju í Íslendingasögum (Vésteinn Ólason 1993: 101-102). Athyglisvert er að Þorgeir er öllum stundum vopnaður öxi sinni og spjóti þegar hann birtist á sviðinu. Hann var aðeins fimmtán ára gamall þegar hann vó mann í fyrsta sinn en það var hefndarvíg fyrir föður hans. Fyrir það víg hlaut hann lof þar sem hann þótti sýna mikið afrek svo ungur að aldri og töldu menn:

...eigi undarligt, því at inn hæsti hofuðsmiðr hafði skapat ok gefit í brjóst Þorgeiri svá öruggt hjarta ok hart, at hann hræddisk ekki, ok hann var svá öruggr í öllum mannraunum sem it óarga dýr. Ok af því at allir góðir hlutir eru af guði gorrvir, þá er öruggleikr af guði gorr og gefinn í brjóst hvötum drengjum ok þar með sjálfræði at hafa til þess, er þeir vilja, góðs eða ills, því at Kristr hefir kristna menn sonu sína gort, en eigi þræla, en þat mun hann hverjum gjalda, sem til vinnr.

(Fóstbræðra saga 1943: 133)

Hér má sjá gróteska lýsingu höfundar á hetjuskap Þorgeirs Hávarssonar. Samkvæmt Braga Halldórssyni og Knúti S. Hafsteinssyni er stutt yfir í guðrækilega boðun og siðferðilega fordæmingu á hefndum og mannvígum í þessari lýsingu (sjá inngang *Fóstbræðra sögu* 1995: xxv). Upphafskaflar *Fóstbræðra sögu* fjalla um afreksverk þeirra fóstbræðra, Þorgeirs og Þormóðar, á Vestfjörðum og voru þeir „miðlungi vinsælir“ af sveitungum sínum (bls.133). Ránsferðir og vígaferli þeirra bera vott um mikinn yfirgang þeirra. Þá má ráða af sögunni að Þorgeir hafi jafnan farið fyrir þeim fóstbræðrum. Að mínu mati er skemmtilegasta frásögnin af Þorgeiri Hávarssyni í „Hvanntekjuþætti“ *Flateyjarbókar* en hann segir frá hvanntekju þeirra fóstbræðra á Hornströndum og sýnir persónu Þorgeirs Hávarssonar í spaugilegu ljósi:

Þat bar til um várit eptir, at þeir Þorgeirr ok Þormóðr fóru norðr á Strandir ok allt norðr til Horns. Ok einn dag fóru þeir í bjarg at sækja sér hvannir, ok í einni tó, er síðan er kolluð Þorgeirstó, skáru þeir miklar hvannir; skyldi Þormóðr þá upp bera, en Þorgeirr var eptir. Þá brast aurskriða undan fótum hans. Honum varð þá þat fyrir, at hann greip um einn hvannnjóla með grasinu ok helt þar niðri allt við rótina, ella hefði hann ofan fallit. Þar var sextögt ofan á fjörugrjót. Hann gat þó eigi upp komizk ok hekk þar þann veg ok vildi þó með engu móti

kalla á Þormóð sér til bjargar, þó at hann felli ofan á annat borð, ok var þá bani viss, sem vita mátti. Þormóðr beið uppi á homrunum, því at hann ætlaði, at Þorgeirr myndi upp koma, en er honum þótti Þorgeirr dveljask svá miklu lengr en ván var at, þá gengr hann ofan í skriðuhjallana. Hann kallar þá ok spyr, hví hann komisk aldri eða hvárt hann hefir enn eigi nógar hvannirnar. Þorgeirr svarar þá með óskelfri röddu ok óttalausubrjósti: „Ek ætla“, segir hann, „at ek hafa þá nógar, at þessi er uppi, er ek held um“. Þormóðr grunar þá, at honum muni eigi sjálfrátt um; ferr þá ofan í tóna ok sér vegs ummerki, at Þorgeirr er kominn at ofanfalli. Tekr hann þá til hans ok kippir honum upp, enda var þá hvonnin nær öll upp tognuð.

(Fóstbræðra saga 1943: 189-191)

Hér gefur höfundur til kynna að Þorgeir hafi verið frakkur og óhræddur um líf sitt og karlmannlegur í allri framgöngu. Ekki er um að villast að tilgangur höfundar er að varpa ljósi á hetjuskap Þorgeirs en að mínu mati felst ekki mikill hetjuskapur í að geta ekki þegið hjálp annarra í neyð. Hér er húmorinn í fyrirrúmi og tekst höfundi vel að gera atburði sögunnar skoplega.

Mikil og innileg vinátta ríkir meðal þeirra fóstbræðra í byrjun sögunnar en skjótt skipast veður í lofti. Þorgeir er nær óstöðvandi þegar að vígaferlum kemur og lætur skapið hlaupa með sig í gönur. Af þeirri ástæðu er hann dæmdur skógarmaður fyrir víg Þorgils Mákssonar og gerður útlægur af Íslandi. Í kjölfarið gengur Þorgeir fram af Þormóði fóstbróður sínum með því að inna hann svars um hvor þeirra væri meiri að afli. Þessi spurning Þorgeirs varð mjög afdrifarík þar sem hún leiddi til vinslita þeirra fóstbræðra. Eftir viðskilnaðinn gerist slóð Þorgeirs æ blóðugri en ef litið er á vígaferil Þorgeirs þá ber hann ekki vott um mikinn hetjuskap. Í tvígang lendir hann í deilum um hesta og eru viðbrögð hans mjög harkaleg í bæði skiptin (sjá 8. og 12. kafla Fóstbræðra sögu). Viðhorf hans til beggja víganna eru athyglisverð í ljósi þess að um líf eða dauða var að tefla. Í þessu sambandi má nefna að deilur um ófrjáls not hests komu einnig við sögu þegar Þorgeir hefndi föður síns fimmtán ára gamall. Ef til vill má rekja viðbrögð Þorgeirs við hestadeilunum til föðurhefndanna forðum.

Sagt er frá afrekum Þorgeirs utan lands og sagt að Ólafur konungur hafi lagt á hann „mikla virðing“ en einu vígaferli Þorgeirs eða mannaunir sem nákvæmlega er sagt frá gerast á Íslandi (bls. 159). Athyglisvert er að Þorgeir Hávarsson virðist fremja flest vígin að tilefnislausu þar sem annað hvort blásaklausir menn eða ofstopamenn eiga í hlut. Til dæmis vegur Þorgeir Böggul-

Torfa fyrir það eitt að Torfi heyrir ekki til hans og svarar ekki kalli hans (bls. 152-153). Samkvæmt texta úr *Flateyjarbók* vegur Þorgeir sauðamanninn að Hvassafelli af því að hann stóð svo vel til höggsins (bls. 157). Eina skiptið sem Þorgeir lætur ekki til skarar skriða og hlífir manni var þegar hann hitti Veglág smið að Reykjahólum sem reyndist vera þjófur og lítilmenni (bls. 183-191). Því má segja að víg Þorgeirs Hávarssonar hafi verið tilgangslítill á mælikvarða hetjuhugsjónarinnar.

Endalokum Þorgeirs Hávarssonar er lýst í 18. kafla sögunnar en hann er veginn á Hraunhöfn á Melrakkaslétu af Þóri Austmanni. Þorgeir hafði sjálfur orðið mörgum mannum að bana á þeim stað. Lýsingin á vígi Þorgeirs er mjög berorð en höfuð hans var skilið frá búknum, lagt í salt og hengt upp á almannafæri mönnum til skemmtunar. Höfundur endar þátt Þorgeirs í sögunni á eftirminnilegan hátt með því að láta sem höfuð hans hafi tekið að geifla sig framan í banamenn hans sem olli miklum óhug (*Fóstbræðra saga* 1943: 211-212).

Þorgeir Hávarsson í *Fóstbræðra sögu* er hvort tveggja í senn hetja og andhetja. Ég er sammála Hannesi Péturssyni að höfundur láti Þorgeir aldrei drýgja neina hetjudáð (Hannes Pétursson 1957:32). Þorgeir Hávarsson er hrokafullur, vanstilltur, lítur stórt á sig og er þrjóskur.

Samkvæmt höfundi ber að líta á kveðskap Þormóðs um fóstbróður sinn Þorgeir, þ.e. Þorgeirsdrápu, sem hástemmt lof um víg Þorgeirs. Fremur er þó um háð að ræða en lof í garð Þorgeirs þar sem aðstæður og atburðir víganna eru einatt þær sömu. Þorgeir heggur til andstæðingsins þegar síst skyldi og segir það sitt um kaldhæðnina í frásögnunum. Hér er allur garpskapur víðs fjarri og lítill sæmd eða drengskapur yfir drápunum heldur aðeins grimmdin ein.

4.3 Þorgeir frá sjónarhóli sögunnar

Þungamiðja *Fóstbræðra sögu* gengur út á vígfimi og hreysti hetjunnar Þorgeirs Hávarssonar. Höfundur lýsir honum á hlutlægan hátt og er mannlýsing Þorgeirs Hávarssonar athyglisverð í ljósi þess að höfundur minnst ekki einu orði á svipbrigði hans. Til dæmis roðnar Þorgeir aldrei, hann bliknar aldrei, hann hnyklar aldrei augabrúnir né brosir eða geiflar varimar eða eins og Hannes Pétursson kemst réttilega að orði: „Það er engu líkara en andlit hans beri grímu; það tjáir aldrei neitt“ (Hannes Pétursson 1957: 31). Þorgeir Hávarsson er ein þeirra persóna

Íslendingasagna sem sýna aðeins á sér eina hlið, þ.e. hlið vígamannsins. Líf Þorgeirs Hávarssonar snýst um víg og hetjuskap.

Segja má að um tvírætt viðhorf til hetjuskapar sé að ræða í *Fóstbræðra sögu*. Í persónulýsingu Þorgeirs Hávarssonar kemur fram skýr tilfinning fyrir skoplegum þáttum ýktra hetjutilburða. „Þorgeir er vissulega hinn mesti garpur, en öfgakennd vígfýsi hans verður oft fáránleg og þar af leiðandi skopleg og ritháttur sögunnar og spaugilegir útúrdúrar styðja þennan skilning“ (Vésteinn Ólason 1998b: 132). Ýmsir fræðimenn hafa varpað ljósi á skoplega lýsingu Þorgeirs Hávarssonar og er Preben Meulengracht Sørensen einn þeirra. Vésteinn Ólason fellst á túlkun Sørensens á skopfærslu sögunnar en Helga Kress gengur enn lengra og bendir á að margt skoplegt í sögunni verði til þess að sagan skopstæli hetjuhugsjónina sem slíka (Helga Kress 1987, Vésteinn Ólason 1993: 100-104 og sami 1998b: 132, 189-190).

Fóstbræðra saga sker sig úr sem fullburða hetjusaga. Ég get ekki betur séð en að megintilgangur höfundar hafi verið sá að vekja andstyggð lesanda á vígum.

Gunnar Hámundarson í Brennu-Njáls sögu

5.1. Um Brennu-Njáls sögu

Brennu-Njáls saga eða *Njáls saga* (Njála) eins og hún er oftast kölluð er lengst og frægust allra Íslendingasagna. Hún gerist á 10. öld og í upphafi 11. aldar og er talin hafa verið rituð í lok 13. aldar. Sagan er varðveitt í mörgum skinnhandritum og handritabrotum og eru þau elstu talin vera frá því um eða skömmu eftir 1300. Ekkert handritanna er talið alveg heilt. Fræðimenn hefur greint á um uppruna og sannleiksgildi sögunnar. Á árum áður var almennt talið að *Njáls saga* væri reist á sönnum munnmælasögnum en í dag er fremur litið á hana sem skáldverk (sjá formála Brennu-Njáls sögu 1954 og formála Brennu-Njáls sögu 1991). Sagan er listavel skrifuð og aðalpersónur hennar stórbrotnar. Þar sem efni *Njáls sögu* er býsna fjölbreytt og margþætt er ekki auðvelt að rekja það í stuttu máli. Meginsöguþráðurinn snýst um vináttu þeirra Gunnars Hámundarsonar á Hlíðarenda og Njáls Þorgeirssonar á Bergþórshvoli. Þá eiga eiginkonur þeirra, Hallgerður langbrók Höskuldsdóttir og Bergþóra Skarphéðinsdóttir, drjúgan þátt í atburðarás sögunnar en þær eru miklar óvinkonur og eiga í heiftúðugum deilum sín á milli. Þótt Gunnar og Njáll hafi ekki verið af höfðingjastétt komnir seilast

Þeir báðir til valda – Gunnar í krafti hreysti og vinsælda en Njáll í krafti vitsmuna sinna. Svo fer að báðum mistekst ætlunarverk sitt. Meginviðburði sögunnar má rekja til vígs Gunnars á Hlíðarenda og Njálsbrennu. Hér á eftir ætla ég að gera Gunnari á Hlíðarenda skil.

5.2. Hetja eða andhetja?

Hetjuhugtakið virðist vísa til persóna fornsagnanna, einkum þeirra kapp sem Íslendingar hafa dáð um aldaðir vegna líkamsburða eða andlegs atgervis. Hver kannast ekki við lýsingu söguhetju á borð við Gunnar Hámundarson á Hlíðarenda? Gunnari er svo lýst:

Hann var mikill maðr vexti ok sterkr, manna bezt vígr; hann hjó báðum höndum ok skaut ef hann vildi, ok hann vá svo skjótt með sverði, at þrjú þóttu á lopti at sjá. Hann skaut manna bezt af boga ok hæfði allt það, er hann skaut til. Hann hljóp meir en hæð sína með öllum herklæðum ok eigi skemmra aptr en fram fyrir sik. Hann var syndr sem selr, ok eigi var sá leikr, at nokkur þyrfti við hann at keppa, ok hefir svá verit sagt, at engi væri hans jafningi. Hann var vænn at yfirliti ok ljóslitaðr, réttnefjaðr ok hafit upp í framanvert, bláeygr ok snareygr ok roði í kinnunum; hárit mikit, gult, ok fór vel. Manna kurteisast var hann, harðgørr í öllu, fémildir ok stilltr vel, vinfastr ok vinavandr; hann var vel auðigr at fé.

(Brennu-Njáls saga 1954 : 52-3)

Gunnar Hámundarson er fyrst kynntur í 19. kafla *Njáls sögu* og er í sviðsljósinu fyrsta þriðjung sögunnar. Samkvæmt lýsingunni hér að ofan hefur Gunnar bæði líkamlegt atgervi og andlega kosti hetjunnar. Hann er gæddur eiginleikum sem vekja aðdáun, það er karlmennsku, hugþrýði og óttaleysi. Sá sem hefur eiginleika Gunnars er líklegur til að verða liðtækur maður og seinþreyttur til vandræða. Þrátt fyrir vígfimina, er honum lýst sem óáleitnum og tregum til mannvíga.

Miðað við persónulýsingu Gunnars hér að ofan skýtur „Kaupa-Héðins þáttur“ höfundar í byrjun sögunnar svolítið skökku við. Í stuttu máli segir hann frá því að Gunnar tekur að sér að heimta fé fyrir Unni frænku sína af Hrúti eiginmanni hennar. Í kjölfarið þiggur Gunnar ráð Njáls og nær með brögðum fénu af Hrúti í líki Kaupa-Héðins (bls. 59-68). Þetta hátterni Gunnars er í engu samræmi við háttalag sannrar hetju og gengur þvert á komandi hetjuskap Gunnars í sögunni.

Segja má að saga Gunnars hefjist fyrst þegar hann kynnist Hallgerði á Alþingi. Gunnar var þá nýkominn úr utanför og varð frægur af sæmd frá höfðingjum þar ytra. Í kjölfarið eignast Gunnar marga öfundarmenn sem gátu ekki unað velgengni hans. Eftir að hann hafði fastnað sér Hallgerði, hafði hann einnig bundist ógæfunni sem átti eftir að fylgja honum til dauðadags og dró annan ógæfuslóða allt til dauða Njáls. Samræður þeirra Gunnars og Njáls boða það jafnvel fyrirfram:

„Af henni mun standa allt it illa, er hon kemr austr hingat,“ segir Njáll. „Aldri skal hon spilla okkru vinfengi,“ segir Gunnarr. „Þat mun þó svá nær leggjja,“ segir Njáll, „en þó munt þú jafnan bæta fyrir henni.“

(Brennu-Njáls saga 1954: 87)

Hjónaband þeirra Gunnars og Hallgerðar var ekki farsælt, enda voru þau um margt ólík. Framan af var Gunnar Hámundarson stilltur maður og friðsamur. Hann var sómakær og þoldi órétt annarra í lengstu lög. Ljóst má vera hversu fjarlægð það var skapferli Hallgerðar. Orðasennur þeirra hjóna í boðinu á Bergþórshvoli eru til að mynda eftirminnilegar og marka upphaf afdrifaríks sambands þeirra. Tildrög orðasennanna voru þau að Bergþóra misbauð virðingu og stolti Hallgerðar í boðinu með því að biðja hana um að víkja úr sæti fyrir annarri konu. Þegar Hallgerður leitaði verndar Gunnars bónda síns neitaði hann að blanda sér í málið og móðgaði hana í auglýsningu gesta:

Hann spratt upp ok sté fram yfir borðit ok mælti: „Heim mun ek fara, ok er þat makligast, at þú sennir við heimamenn þína, en eigi í annarra manna hífýlum, enda á ek Njáli marga sœmð at launa, ok mun ek ekki vera eggjanarfífl þitt.“

(Brennu-Njáls saga 1954: 91)

Auðsýnt er að Gunnar tók vináttu Njáls fram yfir konu sína og vildi síst af öllu koma óþarfa deilum af stað á milli þeirra. Njáll var lögfróður maður og spekingur mikill – hann var ætíð Gunnari innan handar þegar að málaflækjum hans kom. Gunnar mat vináttu Njáls mikils og var mikið í mun að halda tryggð við hann, hvað sem á dyndi. Gunnar hliðraði til við Njál fremur en Njáll við hann og fannst

Hallgerði bónda sínum farast lítilmannlega og vera á bandi óvina hennar. Heimir Pálsson tekur í sama streng og telur skýringuna augljósa:

Sagan segir svo frá, að hverju sinni, er víg var vegið, sendi Hallgerður mann til þings að segja Gunnari tíðindin. Bergþóra lætur aldrei segja Njáli. ... húskarlavígin eru að meginþunga *viðureign Hallgerðar við Gunnar*, tilraun hennar til hefnda fyrir brígðin sem hún varð fyrir, er Gunnar mat meira vináttuna við Njál en friðsamlega sambúð við hana.

(Heimir Pálsson 1972: 151)

Þó að Hallgerður hafi farið sínu fram með húskarlavígunum þurfti hún að láta í minni pokann fyrir bónda sínum. Gunnar var einfaldlega skynsamari en hún og lét hana ekki slá sig út af laginu. Það var ekki fyrr en hann komst að því að hún væri viðriðin matarstuld og bruna í Kirkjubæ sem hann reiddist mjög og sýndi tilfinningar sínar. Hann kvaðst ekki vera þjófsnautur (sá sem nýtur góðs af þýfi annarra) og laust Hallgerði kinnhest. Hún kvaðst launa mundu ef hún mætti (Brennu-Njáls saga 1954: 122-124). Eins og eftirminnilegt er hefndi hún fyrir kinnhestinn fimmtán árum síðar þegar Gunnar átti líf sitt að verja.

Þegar ferill Gunnars á Hlíðarenda er rakinn má sjá ákveðna þróun. Af hverju máli sem hann er viðriðinn að undanskildum þætti Kaupa-Héðins vex sæmd hans. En deilur hans af vígaferlum urðu æ magnaðri og undu upp á sig. Gunnari var mikið í mun að verja eigin orðstír en svo var loks komið að honum dugði ekki annað en gagnstefnur. Svo lauk Knafahólamálinu fræga:

Svá átti Gunnarr margan vin á þingi, at hann bætti þá upp öll vígin þegar, en gaf gjafir þeim höfðingjum, er honum höfðu lið veitt, ok hafði af ina mestu sæmð af öllu, ok urðu allir á þat sáttir, at engi væri hans jafningi í Sunnlendingafjórðungi. Reið Gunnarr heim af þingi ok sitr nú um kyrrt; en þó ofunduðu mótstöðumenn hans mjök hans sæmð.

(Brennu-Njáls saga 1954: 166)

Enda þótt sættir hafi náðst eftir Knafahólavígin undi Þorgeir Starkaðarson bandamaður Gunnars Hámundarsonar þeim ekki og fékk nafna sinn Otkelsson með sér gegn Gunnari. Tilgangur höfundar er augljós en hann er sá að koma Þorgeiri Otkelssyni undir atgeir Gunnars og láta hann þannig höggva tvisvar í sama knérunn (ættlegg). Því gat Gunnar ekki aftur snúið og var hann dæmdur í

útleð (Brennu-Njáls saga 1954: 180). Sem alkunna er fór hann ekki utan heldur „sneri aftur“ og er svo að skilja að honum hafi orðið hughvarf (Brennu-Njáls saga 1954: 182-183). En hvers vegna ætli Gunnar hafi snúið heim aftur til Hlíðarenda? Stórt er spurt. Samkvæmt Einari Ólafi Sveinssyni er frásögn þessi ein sú frægasta í *Njáls sögu* og hefur hún eflaust vafist fyrir mörgum lesandanum (sjá formála Brennu-Njáls sögu 1954). Var Gunnari óljúf utanförin eða óljúft að skilja við heimahagana eins og þjóðskáldin Jónas Hallgrímsson og Bjarni Thorarensen túlkuðu í kvæðum sínum? Ætli Gunnari hafi fundist hann hafa vægt um of fyrir óvinum sínum? Allt þetta getur komið til greina.

Undir lokin, þegar Gunnar hafði ekkert varnarlið, sýnir hann tryggð sína við Njál með því að halda honum og sonum hans fyrir utan deilumál sín. Njáll bauð honum að fyrri bragði aðstoð sona sinna en Gunnar svaraði: „Þú átt annað skilið en synir þínir séu drepnir vegna mín“ (Brennu-Njáls saga 1954: 184). Á orlagastundu þegar bogastrengur Gunnars var höggvinn í sundur, neitaði Hallgerður að láta hann hafa hár í nýjan streng (Brennu-Njáls saga 1954: 189). „Vörn Gunnars mun þykja hin frægasta sinnar tegundar í Íslendingasögum“ (Hermann Pálsson 1989: 330). Ekki er hægt að segja annað en að Gunnar hafi varist vel og hetjulega í lokabardaga sínum og er frásögnin svolítið ýkt þar sem hann var einn á móti fjölda andstæðinga. Sagan segir að hann hafi sært sextán menn en vegið tvo áður en hann féll sjálfur. Frásögnin af falli Gunnars er þrungin spennu. „Víg Gunnars mæltisk illa fyrir um allar sveitir, ok var hann mörgum mönnum mjök harmdauði“ (Brennu- Njáls saga 1954: 191). Eins og Hermann Pálsson orðar það í grein sinni „Í Gunnarshaugi“ sem birtist í *Skírni* 1989 – þá hljóta þeir einir slík eftirmæli sem mikill svipur er að (Hermann Pálsson 1989: 330).

Í lokin er stolt Gunnars Hámundarsonar orðið svo mikið að hann getur ekki vikið frá sannfæringu sinni. Það er einmitt stórlæti Gunnars, sem bannar honum að fara utan en ekki tryggð við heimahagana eins og margir vilja halda fram. Gunnar Hámundarson er hin sanna hetja, hann er hreinn og beinn og samkvæmur sjálfum sér frá upphafi til enda. Ég tel að Hallgerður hafi verið hans mesta ógæfa í lífinu og fall hans má rekja til gjörða hennar. Gunnar var tilneyddur að taka þátt í átökum og bardögum sem hlutust af annarra manna völdum til þess eins að verja eigin sæmd og heiður, samanber Knafahóla- og Rangárbardagann. Mikill hetjuljómi er yfir Gunnari í sögunni.

5.3. Gunnar frá sjónarhóli sögunnar

Gunnar Hámundarson er hin góða hetja, ógæfan kemur utan frá en ekki frá honum sjálfum. Hann er ríkur að persónueinkennum, hann er góðgjarn, sáttgjarn, stilltur og vinavandur. Hann beitir ekki ofbeldi nema í neyð og þykir það miður eða eins og hann sagði á einum stað: „Hvat ek veit,“ segir Gunnarr, „hvárt ek mun því óvaskari maðr en aðrir menn sem mér þykkir meira fyrir en öðrum mönnum at vega menn“ (Brennu-Njáls saga:138-139). Þessi orð skil ég á þann veg að Gunnar hafi verið friðsamur í eðli sínu og hafi ekki viljað hreykja sér af eigin ágæti. Sumt breytist aldrei hjá sönnum hetjum.

Hér þykir þó fræðimönnunum Einari Ólafi Sveinssyni (1943) og Sigurði Guðmundssyni (1918) og ef til vill fleirum skjóta mjög skökku við þar sem Gunnar Hámundarson er einhver afkastamesti vígamaður í fornsögum. Báðum þótti tilsvár Gunnars „kynlegt“ en hvorugur virðist þó efast um að Gunnar eigi að vera alvara (Einar Ólafur Sveinsson 1943: 71 og Sigurður Guðmundsson 1918: 83-87).

Ljóst má vera að lítið vantar upp á að Gunnar á Hlíðarenda teljist til hinnar sönnu hetju en breyskleikar hans koma í veg fyrir það. Hann sýnir drengskap allan tímann og barðist fyrir sæmd sinni. Hann sýnir mikinn styrk í sögunni og var mikið í mun um að verja sitt með hreysti og hugrekki. Hann virkar mjög sterkur í sögunni og sýnir allan tímann hversu mikill kappi hann er. Eina skiptið sem hann virkilega missir stjórn á skapi sínu er þegar hann frétti af stuldinum og brunanum á Kirkjubæ. Á miðöldum var móðgun ávísun á hefnd, því móðgun var notuð til að niðurlægja náungann eða skerða sæmd hans. „Jafn sómakærum manni og Gunnari Hámundarsyni hlaut að verða að því næstum óbærileg skömm að verða að hylma yfir þjófnad“ (Heimir Pálsson 1972: 152). Framkoma Hallgerðar í garð bónda síns er með öllu óskiljanleg. Það er eins og henni hafi verið alveg sama um sæmd hans og einungis hugsað um að klekkja á honum fyrir niðurlæginguna og þann ósigur sem hún beið í boðinu á Bergþórshvoli forðum. Þegar öllu er á botninn hvolft er það Hallgerður sem hrindir ógæfunni af stað sem leiðir til þess að vondir menn bregða fyrir Gunnar fæti. Að lokum bregst hann á úrslitastundu.

Auðvelt er að samsama sig söguhetjunni Gunnari á Hlíðarenda í *Njáls sögu*. Ekki er hægt að segja að saga hetjunnar sé fullkomin fyrr en hún hefur sigrast á mestu rauninni, þ.e. þeirri að deyja. Gunnar á Hlíðarenda er gott dæmi

um þetta. Ég trúi því að Gunnar Hámundarson hafi frekar viljað falla með sæmd en gefast upp. Slíkt er hetjusagnaefni.

Samantekt

Af framansögðu má sjá að kapparnir, Atli í Otradal í *Hávavarðar sögu Ísfirðings*, Þorgeir Hávarsson í *Fóstbræðra sögu* og Gunnar á Hlíðarenda í *Brennu-Njáls sögu*, hafa allir sína kosti og galla. Þeir eru öðruvísi hetjur en þessar klassísku sem finna má í Íslendingasögunum.

Hávarðar saga er í heild full hetjuanda en í raun er Ólafur Hávarðarson hin eina sanna hetja sögunnar. Þó að söguþráðurinn snúist um sorgina eftir fráfall sonarins er hið skoplega áberandi í sögunni. Það er sérstaklega skoplegt að höfundur skuli gera svona lítinn karl eins og Atla að svona stórum karli í sögunni. Atli í Otradal er andstæða við aðalhetju og nýtur styrks konu sinnar. Ljóst er að hátterni Atla í Otradal fer því á skjön við hetjuhugsjón miðalda. Hin sanna hetja mátti ekki sýna nein veikleikamerki og hokrar því ekki að konum eins og Atli gerði. Hér birtist Atli sem algjör andstæða Þorgeirs Hávarssonar í kvennamálum. Þegar á heildina er litið sýnir Atli ekki hugrekki, kjark eða þor. Það segir alla söguna um óhetjulegt hátterni kappans.

Ekki er um að villast að lýsingin á vörn Atla á Eyri minnir um margt á hina glæsilegu vörn Gunnars Hámundarsonar á Knafahólum. Í því sambandi birtist Atli í Otradal sem annar Gunnar á Hlíðarenda. Höfundur segir það þó ekki berum orðum heldur setur hann bardagann á Knafahólum á svið. En það er Þórdís, kona Atla, sem gerir hann að þessari hetju. Frásögnin af bardaganum er mjög ýkt. Það er ekki mikill hetjuljómi yfir Atla þar sem kona hans stendur fyrir hetjubrag hans. Hetjuskapur hans í bardaganum á Eyri reynist heldur ekki annar en sá að bíta mann á barkann. Skopmyndin af Atla verður því enn augljósari af því að kona hans er úrræðagóð og hefur hann alveg í vasanum. Gunnar á Hlíðarenda er hins vegar andstæða Atla í Otradal – hann lætur konu sína ekki ráðskast með sig eða hafa sig að eggjunarfíflum eins og hann orðaði það sjálfur.

Fóstbræðra saga telst til fullburða hetjusagna. Þorgeir Hávarsson er ógæfumaður og er samur við sig frá upphafi. Sökum skapsmuna sinna vinnur hann illvirki sín að yfirlögðu ráði. Eins og fram hefur komið skortir gjarnan orsakasamhengi á milli drápa Þorgeirs Hávarssonar. Til samanburðar má benda á

vígafertil Gunnars á Hlíðarenda í *Njáls sögu*. Gunnar á sæmd sína að verja en atburðirnir vinda upp á sig og að lokum er flækjan orðin of mikil og Gunnar fellur. Þessu er á annan veg farið í *Fóstbræðra sögu* og raunar ólíku saman að jafna. Munurinn er einkum sá að forlagatrú er fyrir hendi í *Njáls sögu* en ekki í *Fóstbræðra sögu*, þ.e.a.s. höfundur *Njálu* undirbýr lesanda fyrir þá atburði sem gerast í sögunni. Þorgeir Hávarsson er ekki Gunnar á Hlíðarenda og hvatir hans eru af öðrum rótum spröttar.

Njáls saga er harmsöguleg hetjusaga og skiptist í raun í tvo hluta. Fyrri hlutinn fjallar aðallega um Gunnar Hámundarson og góðvin hans og ráðgjafa Njál á Bergþórshvoli. Árum saman hefur þjóðin lofað hetjuna Gunnar á Hlíðarenda og svo er enn. En þrátt fyrir fornaldardýrkun á hetjuskap hans er sumt í fari hans sem telst alls ekki hæfa hinni sönnu hetju. Gunnar er til að mynda of bráðlátur þegar hann festir sér Hallgerði og hlýðir ekki viðvörun Hrúts Herjólfssonar og Njáls um ráðahaginn. Hrútur leit svo á að um girndarráð þeirra væri að ræða (bls. 87). Með girndarráði er átt við hjúskap sem stofnað er til af ástríðu án nokkurrar íhugunar. Á miðöldum var litið allt öðrum augum á hjúskaparmál en gert er í dag, þá var meira litið á hjúskap sem hagkvæman ráðahag.

Hetjuskap Gunnars má að mörgu leyti rekja til Njáls þar sem hann er hans helsti ráðunautur. Þá hefur Gunnar ekki fulla stjórn á tilfinningum sínum og gengur það þvert á hina sönnu hetju. Greinilegt er þó að honum er annt um sæmd sína og fjölskyldunnar en örlögin ráða för í sögunni.

Ekki verður vart við mikilvægi sæmdarinnar hjá þeim Atla í Otradal eða Þorgeiri Hávarssyni líkt og hjá Gunnari á Hlíðarenda í *Njáls sögu*. Enda eru frásagnirnar ólíkar að eðli og hetjurnar einnig. Ég fann til dæmis aldrei til samúðar með Atla í Otradal eða Þorgeiri Hávarssyni né dáði þá úr hófi fram eins og Gunnar á Hlíðarenda. Þó svo að Gunnar teljist ekki til hinnar fullkomnu hetju þá kemst hann mjög nálægt því. Það er í raun Hallgerður sem á sökina að falli hans. Framkoma Hallgerðar er með öllu óskiljanleg og því útilokað fyrir Gunnar að halda sæmd sinni. Á heildina litið eru kostir Gunnars mun fleiri heldur en gallar.

Eftir lestur *Hávarðar sögu Ísfirðings* og *Fóstbræðra sögu* er Atli í Otradal dæmi um vesælan mann sem skortir alla hetjuburði; og Þorgeir Hávarsson er dæmi um mislyndan vígamann sem skortir alla dirfsku. Yfirleitt voru hinar sönnu fornhetjur fimar að beita vopnum – en enginn maður varð hetja af vígfiminni einni saman. Lengi hafa atburðirnir í *Njáls sögu* gegnsýrst af hetjuhugmyndum

Íslendinga. Það er því engin furða að Gunnar á Hlíðarenda hafi verið jafn dáður og raun ber vitni.

Ef við lítum á þróun þeirra þriggja karlpersóna sem hér hafa verið til umfjöllunar má segja að Atli í Otradal þroskist úr ónytjungi og rolu í mjög svo skoplega hetju. Þá er óhætt að segja að Þorgeir Hávarsson breytist ekkert í sögunni og er allan tímann óforbetranlegur á sviðinu. Að lokum þroskast Gunnar á Hlíðarenda úr skoplegum svikahrappi í hetju. Með öðrum orðum fara þeir allir sínar leiðir og tengjast því ekki fullkomlega hetjuhugsjóninni.

Lokaorð

Hér að framan hefur verið fjallað um muninn á hetjum annars vegar og andhetjum hins vegar. Þeir þrír kappar sem hér hafa verið til umfjöllunar eru dæmi um eftirminnilegar söguhetjur Íslendingasagna þótt ólíkir séu. Atli í Otradal í *Hávarðar sögu Ísfirðings* er dæmi um smámenni, Þorgeir Hávarsson í *Fóstbræðra sögu* er hvort tveggja hetja og andhetja. Gunnar Hámundarson á Hlíðarenda í *Brennu-Njáls sögu* kemst næst því að teljast til hinnar sönnu hetju þrátt fyrir nokkra breyskleika.

Eins og áður hefur verið bent á er þessari ritgerð ekki ætlað að vera handbók kennarans. Hægt er að útbúa fjölbreytt og skemmtileg verkefni í tengslum við fornsögurnar og reynir aðeins á hugmyndaflug kennara í þeim efnum. Mikilvægt er að ræða boðskap sagnanna við nemendur og vekja þannig áhuga þeirra á efninu. Efni Íslendingasagna býður upp á fjölmörg umræðuefni þar sem meðal annars er hægt að velta fyrir sér fortíð og nútíð, góðu og illu, vináttu og fjandskap, afleiðingum dráms og ofmetnaðar, svikum og öfund, gæfu og gjörvileika, örlögum og forspám, ádeilum og gamansemi, klókindum og yfirgangi. Með því að lofa nemendum til dæmis að hafa áhrif á yfirferð efnisins fá kennarar nýjar hugmyndir í kennslu. Þannig eru meiri líkur á að hægt sé að vekja áhuga nemenda á Íslendingasögum og koma í veg fyrir að kennarar staðni í starfi.

Námsmat er einn mikilvægasti þátturinn í kennslu og er mjög vandmeðfarið. Tilgangur námsmats er margþættur en það á einkum að gefa heildarmynd af stöðu nemenda. Því er æskilegt að styðjast við fjölbreyttar matsaðferðir í bókmenntakennslu. Algengast er að ljúka námsefnisyfirferð með skriflegu prófi en sú leið hentar þó ekki öllum nemendum. Ég tel mikilvægt að frammistaða nemenda sé metin jafnt og þétt á námstímabilinu. Með því að nota

fjölbreyttar matsaðferðir er hægt að fá góða mynd af námslegri stöðu hvers nemenda. Kennarar þurfa að vera óhræddir í þeim efnum og vera tilbúnir að fara ólíkar leiðir. Það er til dæmis hægt að meta munnlegan flutning nemenda á efninu í formi endursagnar og leikrænnar tjáningar. Árangursríkt er að lofa nemendum að velja milli t.d. tveggja bóka. Ég tel mjög brýnt að endurskoða áherslur í bókmenntakennslu á grunnskólastigi þannig að þær séu í takt við þær samfélagskröfur sem við búum við á 21. öldinni. Það þarf að leggja meira upp úr munnlegri og skriflegri færni nemenda ásamt samskiptafærni. Miklu skiptir að ákveðinn sveigjanleiki sé í kennslu og að nemendur kynnist fjölbreyttum námsmatsleiðum. Ég er hrædd um að of mikil mötun eigi sér stað í bókmenntakennslu í grunnskólum í dag. Með mötun á ég við að nemendur eru fylltir af þekkingu kennarans í stað þess að vera virkir í eigin þekkingarleit. Þá eru aðrar áherslur nú en þegar ég var unglingur. Í dag er meira lagt upp úr samskiptafærni fólks og eigin frumkvæði en áður.

Mikilvægt er að kennarar séu sveigjanlegir og hafi trú á nemendum sínum. Þá eru meiri líkur á því að kennarinn nái betri árangri í starfi, þ.e. að kennslan skili árangri. Það þýðir ekki að ákveða bara eina kennsluaðferð og telja sér trú um að það sé eina aðferðin sem henti öllum nemendahópnum. Auðvitað eru ekki allir kennarar eins, það hafa allir sín sérkenni. Mismunandi kennarar hafa mismunandi hluti og þekkingu fram að færa. Íslenskukennarar sem og aðrir kennarar þurfa stöðugt að þróa eigin kennsluhætti og prófa að fara nýjar leiðir svo að þeir staðni ekki í starfi. Ég tel að hægt sé að ná sömu markmiðum um íslenskunám á unglingastigi með því að fara ótroðnar slóðir. Það þurfa ekki allir að feta sama þrönga stíginn til að ná settum markmiðum.

Heimildir

Andersson, Theodore M. 1964. *The Problem of Icelandic Saga Origins. A Historical Survey*. Yale University Press, New Haven / London.

_____. 1967. *The Icelandic Family Saga. An Analytic Reading*. Harvard University Press. Cambridge, Massachusetts.

Bjarni Guðnason. 1965. „Þankar um siðfræði Íslendingasagna.“ *Skírnir* 139: 65-82.

_____. 1990a. „Hetjur í Íslendingasögum.“ *Yrkja. Afmælisrit til Vigdísar Finnbogadóttur 15. apríl 1990*, bls. 37-46. Ritstj. Heimir Pálsson, Jónas Kristjánsson, Njörður P. Njarðvík og Sigríður Th. Erlendsdóttir. Iðunn, Reykjavík.

_____. 1990b. „Sögumynstur hetjudauðans.“ *Tímarit Háskóla Íslands* 5,1: 97-102.

Björn M. Ólsen. 1937-1939. *Um Íslendingasögur*. Kaflar úr háskólafyrirlestrum. Útg. Sigfús Blöndal og Einar Ólafur Sveinsson. (Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta að fornu og nýju, VI). Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

Brennu-Njáls saga. Íslensk fornrit XII. 1954. Útg. Einar Ólafur Sveinsson. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.

_____. *Sígildar sögur 1*. 1991. Útg. Örnólfur Thorsson. Mál og menning, Reykjavík.

Einar Ól. Sveinsson. 1943. *Á Njálsbúð. Bók um mikið listaverk*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

_____. 1954. Formáli. *Brennu-Njáls saga*. Útg. Einar Ól. Sveinsson. Íslensk fornrit XII. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.

_____. 1956. „Kyrrestaða og þróun í fornum mannlýsingum.“ *Við upp-
spretturnar*. Helgafell, Reykjavík.

Fóstbræðra saga. Íslenzk fornrit VI. 1943. Útg. Björn K. Þórólfsson og Guðni
Jónsson. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.

_____. Sígildar sögur 5. 1995. Útg. Bragi Halldórsson og Knútur S.
Hafsteinsson. Mál og menning, Reykjavík.

Guðni Jónsson. 1943a. Formáli. *Fóstbræðra saga*. Útg. Björn K. Þórólfsson og
Guðni Jónsson. Íslenzk fornrit VI. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.

_____. 1943b. Formáli. *Hávarðar saga Ísfirðings*. Útg. Björn K. Þórólfsson og
Guðni Jónsson. Íslenzk fornrit VI. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.

Gunnar Karlsson. 1985. „Dyggðir og lestir í þjóðfélagi Íslendingasagna.“
Tímarit Máls og menningar 44: 9-19.

Halldór Guðmundsson. 1990. „Skáldsöguvitund í Íslendingasögum.“
Skáldskaparmál 1: 62-72.

Hannes Pétursson. 1957. „Þorgeir Hávarsson í Fóstbræðra sögu og Gerplu.“
Tímarit Máls og menningar 18: 23-51.

Hávarðar saga Ísfirðings. Íslenzk fornrit VI. 1943. Útg. Björn K. Þórólfsson
og Guðni Jónsson. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.

_____. Sígildar sögur 2. Íslendinga sögur. 1989. Ritstj. Bragi Halldórsson,
Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson. Mál og
menning, Reykjavík.

Heimir Pálsson. 1972. „Hjónin á Hlíðarenda.“ *Skírnir* 146:147-158

_____. 1992. *Frásagnarlist fyrri alda*. Íslensk bókmenntasaga frá landnámsöld til siðaskipta. Forlagið, Reykjavík

_____. 1998. *Lykill að Íslendingasögum*. Mál og menning. Reykjavík.

_____. 2001. *Frá hetjukvæðum til helgisagna*. Íslenskar miðaldabókmenntir. Vaka-Helgafell, Reykjavík.

Helga Kress. 1987. „Bróklindi Falgeirs. Fóstbræðrasaga og hláturmenning miðalda.“ *Skírnir* 161: 271-286.

Hermann Pálsson. 1969. „Um eðli Íslendingasagna.“ *Skírnir* 143: 42-64.

_____. 1989. „Í Gunnarshaugi.“ *Skírnir* 163: 330-346.

Hugtök og heiti í bókmenntafræði. 1998. Ritstj. Jakob Benediktsson. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands. Mál og menning, Reykjavík.

Jón Karl Helgason. 1998. *Hetjan og höfundurinn. Brot úr íslenskri menningarsögu*. Heimskringla. Háskólaforlag Máls og menningar, Reykjavík.

Jónas Kristjánsson. 1972. *Um Fóstbræðrasögu*. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.

Kulturhistoriskt lexikon för nordisk medeltid från vikingatid till reformationstid. 1980-1982. Rosenkilde og Bagger, København.

Meulengracht Sørensen, Preben. 1995. *Fortælling og ære. Studier i islændingesagaerne*. Universitetsforlaget, Oslo.

Ólafur Briem. 1972. *Íslendinga sögur og nútíminn*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Sigurður Guðmundsson. 1918. „Gunnar á Hlíðarenda.“ *Skírnir* 92: 63-88.

Steblyn-Kamenskij, M.I. 1981. *Heimur Íslendingasagna*. Þýð. Helgi Haraldsson. Iðunn, Reykjavík.

Vésteinn Ólason. 1993. „Íslendingasögur og þættir“. *Íslensk bókmenntasaga II*. Ritstj. Vésteinn Ólason. Mál og menning, Reykjavík

_____. 1998a. „Íslendingasögur.“ *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*. Ritstj. Jakob Benediktsson. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands / Mál og menning, Reykjavík.

_____. 1998b. *Samræður við söguöld*. Frásagnarlist Íslendingasagna og fortíðarmynd. Mál og menning, Reykjavík.